

## Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

**Staður:** Zoom fundur

**Dagsetning:** 18. júní 2020

**Tími:** 08:00 til 09:00

**Mættar** voru stjórnarkonurnar:

Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN), Ragnheiður Aradóttir (RA), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnadóttir (UEA) og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ). Framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR) boðaði forföll.

**Dagskrá** fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Verkaskipting
3. Önnur mál

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum SHP.

### 1. Dagskrá stjórnarfundar

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins.

### 2. Verkaskipting

Hulda Ragnheiður bauð nýjar stjórnarkonur hjartanlega velkomnar og færði þeim hamingjuóskir með sín stjórnarsæti.

Farið yfir stöðuna á helstu verkefnum stjórnar síðastliðið ár. Stjórn FKA hefur umsjón með þremur hreyfiaflsverkefnum;

- *Jafnvægisvoginni* þar sem Ragnheiður Aradóttir hefur verið fulltrúi stjórnar. Ný verkefnastýra, Thelma Kristín Kvaran, var ráðin í vor. Verkefnið stendur vel og mun fá áframhaldandi styrk frá fjármálaráðuneytinu.
- *Fjölmíðlaverkefninu* þar sem Hulda Ragnheiður hefur verið fulltrúi stjórnar. Sótt verður í fleiri fjölmíðlafyrirtæki á komandi vetri sem og á fleiri miðla.
- *Stjórnarverkefninu* sem hefur verið í umsjá Huldu Ragnheiðar.

Önnur verkefni hafa verið:

- Ný heimasíða þar sem fráfarandi stjórnarkona Lilja Bjarnadóttir hefur verið fulltrúi stjórnar. Mikil vinna hefur verið lögð í heimasíðuna og innleiðist hún í fösum. Fasi I hefur verið innleiddur nú þegar.
- Stefnumótun til aðgerða hefur verið í gangi allan síðastliðinn vetur og hefur Sigríður Hrund Pétursdóttir leitt þá vinnu. Þrjú vinnufundir voru haldnir áður en COVIT setti hömlur á fundi.
- Margrét Jónsdóttir Njarðvík hefur séð um erlend samskipti og tengsl.
- Áslaug Gunnlaugsdóttir var með umsjón með viðurkenningarhátíð FKA sem og lögfræðileg álit um þau málefni sem bárust stjórn.

- Hádegisfundir með stjórn voru haldnir reglulega og voru í umsjón Huldu Ragnheiðar. Þeirri hugmynd var varpað að hver stjórnarkona myndi sjá um einn hádegisfund á komandi vetri til að deila ábyrgð og framkvæmd.

Tekið var fram að engin hlutverk og umsjón með verkefnum eru meitluð í stein og hver og ein stjórnarkona getur fundið sér farveg í þeim verkefnum sem henni hugnast.

Það vantar að fylla stöðu gjaldkera í stað Lilju Bjarnadóttur. Kostnaður við bókhald hefur aukist á síðast liðnu ári og þarfnast rýni.

Ásta Dís Óladóttir hefur sent fyrirspurn hvort FKA geti hugsað sér að fá inn starfsnema á skrifstofu FKA. Stjórn metur hugmyndina góða og mun Hulda Ragnheiður/Andrea hafa samband við ÁDÓ varðandi mögulega útfærslu.

Fyrsti fundur komandi veturs verður hjá Torg 3. september.

Framkvæmdastjóri FKA er í sumarfríi fram yfir verslunarmannahelgi.

### **3. Önnur mál**

Ekki voru önnur mál rædd.

Fundi sliti kl. 09:00.

Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum.